

## FYRIRSPURN

*Viðtakandi:* Bæjarráð Akranesskaupstaðar  
*Sendandi:* Veitur Ohf.  
*Dagsetning:* 7. febrúar 2019  
*Efni:* **Flutningur starfsstöðvar Veitna á Akranesi**

---

Veitur ohf. stefna að flutningi starfsstöðvar fyrirtækisins frá Dalbraut 8, þar sem hún er staðsett nú.

Veitur hafa sótt um lóð í Flóahverfi, nánar tiltekið Lækjarflóa 1.

Veitur stefna á að hefja byggingu á nýrri starfsstöð seinnihluta árs 2019 og að starfsstöð verði tekin í notkun á fyrrihluta árs 2020.

Mikilvægt er að umhverfi nýrrar starfsstöðvar Veitna, sem og aðgengi að henni samræmist öryggisstefnu Veitna. Ennfremur er mikilvægt að aðgengi og umhverfi sé þannig að það styðji við jákvæða ímynd fyrirtækisins og auðveldi jafnframt rekstur starfsstöðvar.

Því óska Veitur eftir því við bæjarráð að eftirfarandi verkum verði hrint í framkvæmd. Veitur óska eftir staðfestingu á því að verkum verði hrint í framkvæmd og tímasetningu loka framkvæmda. Ef ekki stendur til að ráðast í framkvæmd einhvers af eftirfarandi óska Veitur ennfremur að vera upplýstar þar um.

- a. Malbikað verði frá gatnamótum við Akrafjallsveg og út botnlanga sem Lækjarflói 1 stendur við.
- b. Að gengið verði frá götulýsingu frá gatnamótum Akrafjallsveg og út botnlanga sem Lækjarflói 1 stendur við.
- c. Göngu-, og hjólastígar verði fullfrágengnir og upplýstir frá Akranesbæ að Lækjarflóa 1.
- d. Að þverun göngu-, og hjólastíga við þjóðvegi frá Akranesbæ að Lækjarflóa 1 verði þannig frágengin að gangandi og hjólandi stafi ekki hætta af akandi umferð um þjóðvegi, hvort sem Akrafjallsvegur eða Akranesvegur verði þveraðir.
- e. Að leiðakerfi almenningsvagna verði uppfært þannig að almenningsvagnar stöðvi við Flóahverfi eftir að starfsemi Veitna hefst þar.
- f. Að yfirborðsfrágangi (grasblettir, hellulögn o.s.frv) umhverfis Lækjarflóa 1 verði lokið áður en starfsemi Veitna hefst í Flóahverfi.

Virðingarfyllt.  
Veitur Ohf.